

Staðfesting á skráningu fyrir vinnslu málma

Heimilisfang
Malarhöfði 8, 110 Reykjavík


Rekstraraðili
Blikksmiðurinn hf.
5705850379

ber að fylgja starfsskilyrðum sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 830/2022 um skráningarskyldan
atvinnurekstur sbr. 8. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
hefur eftirlit með starfseminni



Númer umsóknar 608108



2KKR2G0NFBF

Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur

Samræmd starfsskilyrði vegna mengunarvarna, skv. 5. gr. reglugerðar um skráningarskyldan atvinnurekstur nr. 830/2022 og 8. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Rekstraraðila ber ávallt að uppfylla skilyrði þessi og ef við á sértæk starfsskilyrði. Einnig skal tryggja að starfsemi hans sé í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerða settar samkvæmt þeim.

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

	Rgl.nr.
1.1 Starfsskilyrði þessi eru almenn fyrir mengandi skráningarskyldan atvinnurekstur sbr. viðauka reglugerðar nr. 830/2022.	830/2022
1.2 Staðfest skráning ásamt starfsskilyrðum skulu vera sýnileg viðskiptavinum á starfsstöð.	830/2022, 6. gr.
1.3 Rekstraraðili skráningarskylds atvinnurekstrar ber ábyrgð á því að starfsemi hans sé skráð, að skráðar upplýsingar um starfsemina séu réttar og að starfsemin sé í samræmi við gildandi löggjöf, almennar kröfur og starfsskilyrði. Óheimilt er að hefja skráningarskylda starfsemi fyrir en skráningargjald hefur verið greitt og rekstraraðili fengið senda staðfestingu á skráningu.	830/2022
1.4 Starfsemin gildir aðeins í því húsnæði eða aðstöðu sem tilgreint er í skráningunni. Starfsemin skal vera í samræmi við samþykktu notkun húsnæðis eða aðstöðu.	830/2022, 4. gr.
1.5 Atvinnurekstur skal vera í samræmi við gildandi deiliskipulag. Sé deiliskipulag ekki til staðar skal starfsemin samræmast gildandi aðalskipulagi hvað varðar landnotkun og byggðapróun og sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.	550/2018, 6. gr.
1.6 Rekstraraðila ber að skrá upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á skráningarskyldri starfsemi með hæfilegum fyrirvara á vefsetrinu island.is. Óheimilt er að gera breytingar á starfsemi fyrir en rekstraraðili hefur greitt breytingargjald og fengið senda staðfestingu um breytta skráningu.	830/2022, 7. gr.

2. STARFSHÆTTIR

		Rgl.nr.
2.1	Rekstraraðili skal beita góðum starfsháttum við rekstur starfseminnar. Á öllu athafnasvæði rekstraraðila skal gæta fyllsta hreinlætis í samræmi við kröfur eftirlitsaðila.	737/2003
2.2	Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum, og innra eftirliti. Tilkynna skal heilbrigðisnefnd ef breyting verður á tengilið og/eða tengiliðsupplýsingum.	830/2022
2.3	Starfsmenn skulu vera þjálfaðir til að bregðast við mengunaróhöppum og hafa viðeigandi þjálfun á tæki og öryggisbúnað sem gerir þá hæfa til vinnu í starfsstöðinni. Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustað.	550/2018
2.4	Rekstraraðili skal eftir atvikum vera með viðbragðsáætlun sem unnin er á grundvelli áhættumats sem að lágmarki felur í sér skilyrði í viðauka I.b. í lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Viðbragðsáætlun skal vera tiltæk starfsmönnum á vinnustað og aðgengileg eftirlitsaðila.	lög nr. 33/2004
2.5	Rekstraraðili sem flytur olíu, eiturefni eða hættuleg efni eða stundar atvinnustarfsemi sem talin er upp í a-lið viðauka I laga nr. 33/2004 skulu taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, sem jafngildir allt að 1 milljón SDR, sbr. 16. gr. laga nr. 33/2004.	lög nr. 33/2004
2.6	Verði óhapp eða annað atvik sem getur haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir útbreiðslu mengunarefna og til að fyrirbyggja að mengun valdi skaða fyrir umhverfinu. Eftir því sem við á skal fylgja viðbragðsáætlun. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað.	550/2018
2.7	Ef mengunaróhapp verður sem þarfnast tafarlausra aðgerða skal hafa samband við Neyðarlínuna 112. Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er. Greina skal eftirlitsaðila frá því ef hætta er talin á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið. Eftirlitsaðila er heimilt, ef þörf er á, að óska eftir upplýsingum um önnur sérstök atvik í rekstri sem geta haft í för með sér aukna mengun. Einnig skal rekstraraðili fara yfir atvikið og gera ráðstafanir sem miði að því að hindra að sambærilegt óhapp eða atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.	550/2018

3. LÓÐ OG HÚSNÆÐI

		Rgl.nr.
3.1	Rekstraraðili skal halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu og þar skulu ekki vera hlutir eða efni sem ekki tilheyra starfseminni. Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur til afnota. Bifreiðum tækjum, lausamunum, úrgangi eða öðru sem tilheyrir rekstraraðila skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði rekstraraðila þannig að ekki valdi mengunar-, fok-, eða slysaættu. Rekstraraðili skal sýna ýtrustu varúð þannig að jarðvegi verði ekki spillt með mengun, sbr. reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg. Allt athafnasvæðið eða tiltekinn hluti þess skal lagt bundnu slitlagi leiði niðurstöður eftirlits í ljós að þörf sé á því til að lágmarka rykmyndun frá svæðinu eða aðra mengun. Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa, viðgerða eða hreinsunar vegna vanhvirðu og óþrifa eða heilsuspillandi aðstæðna í húsi, á lóð eða í farartæki. Óviðkomandi aðgangur að vinnusvæði, geymslu hráefna og framleiðsluvöru skal vera takmarkaður og aðgangur óviðkomandi bannaður.	737/2003 16. og 18. gr., sbr. rgl. 550/2018
3.2	Sorpgámar og önnur ílát fyrir úrgang skulu vera lokuð og standast kröfur heilbrigðisnefndar.	737/2003 og rgl. nr. 806/1999
3.3	Verði vart við meindýr skal sjá til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæðum rekstraraðila. Rekstraraðili skal hindra aðgang villtra fugla og spendýra sem sækja að hreinsibúnaði og úrgangi. Ávallt skulu þó slíkar ráðstafanir vera í samræmi við lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og lögum nr. 55/2013 um velferð dýra.	941/2002, nr. 737/2003, lög nr. 64/1994 og nr. 55/2013.
3.4	Afla ber samþykkis heilbrigðisnefndar fyrir staðsetningu olúgeyma.	884/2017, 6. gr.

4. MENGUNARVARNIR

		Rgl.nr.
4.1	Takmarka skal hávaða frá starfseminni. Forráðamönnum fyrirtækja og stofnana er skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða og ónæði af völdum hávaða. Þess skal gætt að hávaði frá starfseminni valdi ekki ónæði eða óþægindum í nærliggjandi umhverfi. Hávaði skal ekki fara yfir tilgreind viðmiðunarmörk fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi, sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.	724/2008
4.2	Halda skal loftmengun í lágmarki og viðhalda þeim gæðum sem felast í hreinu og ómengðu lofti. Loftræstingu skal þannig háttáð að hún valdi ekki fólki í nágrenninu óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna loft- eða hávaðamengunar. Að jafnaði skal loftræsing leidd upp fyrir þakbrún frá mengunaruppsprettum. Komi upp vandamál vegna lyktar, mengandi efna eða hávaða frá útblæstri er	724/2008, rgl. nr. 550/2018 52. gr. og rgl. nr. 787/1999 5. gr. og 9. gr.

	heilbrigðiseftirlitinu heimilt að krefjast úrbóta s.s. breytinga á útrásum, hreinsunarbúnaði eða hávaðavörnum.	
4.3	Allt vatn skal vera í að minnsta kosti góðu ástandi og skulu vatnshlot ná umhverfismarkmiðum sínum samkvæmt vatnaáætlun. Koma skal í veg fyrir að mengandi efni séu losuð út í vatn og umhverfi. Tryggja skal að umhverfismörk fyrir ástand vatns skv. fylgiskjali B og C og listar I, II, III og IV í viðauka I í reglugerðar um varnir gegn mengun vatns séu uppfyllt.	Lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, rgl. nr. 796/1999.
4.4	Iðnaðarskólp sem losað er í fráveitu sveitarfélags skal forhreinsað af mengandi efnum. Markmiðið skal vera að: • vernda heilsu starfsfólks sem vinnur í tengslum við safnræsi og hreinsistöðvar, • tryggja að safnræsi, skólphreinsistöðvar og tengdur búnaður verði ekki fyrir skemmdum, • tryggja að starfsemi skólphreinsistöðvarinnar og hreinsun skólps verði ekki fyrir truflunum, • tryggja að skólp hreinsistöðva spilli umhverfinu ekki alvarlega eða komi í veg fyrir að viðtaki uppfylli aðrar kröfur reglugerðar nr. 796/1999 og • tryggja að hægt sé að farga seyrri á öruggan hátt. Leitast skal við að koma ofanvatni í annan farveg en fráveitu.	798/1999 gr. 26 og C-liður I-viðauki. 796/1999 fylgiskjal B og C og listar I, II, III og IV í viðauka I.
4.5	Iðnaðarskólp sem inniheldur lífræn efni skv. lista III í viðauka reglugerðar nr. 798/1999 og er losað í eigin fráveitu skal hreinsað með tveggja þrepa hreinsun eða sambærilegri, áður en því er veitt í viðtaka. Nema heilbrigðisnefnd kveði á um annað í samræmi við reglugerð um fráveitur og skólp (þ.e. minni eða ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa). Annar atvinnurekstur skal fara eftir öðrum reglugerðum sem gilda um losun efna tiltekinna efna í vatn. Við útrásir þar sem fráveituvatn er leitt í viðtaka sem ekki njóta sérstakrar verndar má hvergi vera: • Set eða útfellingar. • Þekjur af rotverum (bakteríur og sveppir). • Olía eða froða. • Sorp eða aðrir aðskotahlutir. • Efni sem veldur óþægilegri lykt, lit eða gruggi. Leitast skal við að koma ofanvatni í annan farveg en fráveitu.	798/1999 7. gr. og 25. gr. 796/1999 fylgiskjal B og C og listar I, II, III og IV í viðauka I. Fylgiskjal 1A
4.6	Upplýsingar um legu og fyrirkomulag frárennislagna séu tiltækar í fyrirtækinu. Engar breytingar verði gerðar á frárennsli sem skerði mengunarvarnir sem fyrir eru né takmarki möguleika á að koma þeim fyrir í framtíðinni.	798/1999

4.7	Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni.	415/2014 og lög nr. 61/2013
4.8	Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olíubirgðum, olíuúrgangi og hættulegum efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn. Sé olía meðhöndluð skal fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.	884/2017
4.9	Rekstraraðila er skylt að hafa aðgengileg uppfærð öryggisblöð fyrir hreint efni eða efnablöndu sé krafa um þau sbr. 30. gr. efnalaga nr. 61/2013.	888/2015 og lög nr. 61/2003
4.10	Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra óhappa við meðhöndlun á olíu og olíuefnum, varúðar- og hættumerktum efnum og spilliefnum. Viðbragðsáætlunin þarf að vera aðgengileg og hún yfirfarin reglubundið með starfsmönnum. Starfsmenn skulu fá reglulega kennslu og þjálfun í viðbrögðum við mengunaróhöppum.	884/2017
4.11	Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir. Rekstraraðili skal þegar í stað grípa til nauðsynlegra varnaráðstafana vegna yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem rekja má til starfsemi hans. Ef umhverfistjón verður skal rekstraraðili þegar í stað hefja aðgerðir til að takmarka tjón eða afstýra frekara tjóni. Rekstraraðili skal þegar í stað tilkynna Umhverfisstofnun og viðeigandi heilbrigðisnefnd um umhverfistjón eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem rekja má til starfsemi hans og upplýsa um alla þætti sem máli skipta. Jafnframt skal rekstraraðili setja fram og senda Umhverfisstofnun áætlun um úrbætur vegna umhverfistjóns sem þegar er orðið.	Lög nr. 55/2012

5. SPILLIEFNI OG ÚRGANGUR

		Rgl.nr.
5.1	Draga skal úr myndun úrgangs eins og kostur er. Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er nokkur kostur. Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.	737/2003
5.2	Rekstraraðili skal eftir mætti draga úr myndun umhverfisspillandi efna, m.a. með notkun umhverfisvænna efna, með endurnýtingu, endurvinnslu eða endurhæfingu efna.	806/1999, rgl. nr. 737/2003

5.3	Óheimilt er að láta hvers kyns olíur, bensín, lífræn leysiefni eða önnur mengandi efni í fráveitur atvinnuhúsnaðis. Með slíkan úrgang fer samkvæmt reglugerð um spilliefni. Þar sem olía er notuð skulu vera tiltæk ísogsefni til að hreinsa upp tilfallandi olíuleka. Stærri ílát undir olíuefni (> 50 lítrar) skulu standa í lekabyttu.	798/1999 5. gr. og rgl. nr. 884/2017
5.4	Spilliefni og hættuleg efni verði meðhöndluð af varúð og aðgreind frá öðrum hráefnum, afurðum og úrgangi. Spilliefnum skal skilað til viðurkenndar söfnunar- eða móttökustöðvar. Mikilvægt er að tryggja greinargóðar merkingar íláta og aðskilin afmörkuð rými eða svæði. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni.	806/1999
5.5	Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Spilliefnum skal safnað í lokuð og traust ílát sem henta viðkomandi efnum. Einstökum spilliefnategundum skal haldið aðskildum og aðgreina skal spilliefnablöndur þar sem kostur er. Ílátin skulu merkt með orðinu „spilliefni“ og innihaldi. Þau skulu tryggilega varðveitt þar til þau eru flutt til eyðingar eða meðhöndlunar þannig að ekki sé hætt á að umbúðir verði fyrir hnjaski.	806/1999
5.6	Spilliefni skal ekki geyma til langframa og skal skilað reglulega til aðila sem starfsleyfi hafa til söfnunar, móttöku eða flutnings spilliefna.	806/1999
5.7	Þegar rekstraraðili afhendir spilliefni til flutningsaðila, söfnunar- eða móttökustöðvar skal hann fá staðfestingu fyrir móttökunni þar sem fram kemur nafn flutningsaðila, uppruna spilliefna, gerð þeirra, og áfangastað ásamt upplýsingum um magn (kg, l) og dagsetningu. Staðfestingar síðustu 5 ára skulu liggja frammi við eftirlit.	806/1999 11. gr.
5.8	Stefnt skal að fullnýtingu hráefna og með hreinni framleiðslutækni skal stuðla að endurnýtingu og endurvinnslu úrgangs eins og kostur er. Hreinsað skólp skal endurnýtt ef kostur er.	798/1999 7. gr.

6. EFTIRLIT

		Rgl.nr.
6.1	Heilbrigðisnefnd fer með eftirlit með skráningarskyldum atvinnurekstri, þ. á m. að starfsemi sé rétt skráð	830/2022
6.2	Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsskilyrða, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur. Heilbrigðisnefnd skal upplýsa Umhverfisstofnun um frávik þar sem til álita kemur að beita stjórnvaldssektum, sbr. XIX. kafla laganna. Vakin er athygli á að viðkomandi heilbrigðisnefnd getur í eftirliti þurft að setja fram kröfur sem ekki koma fram í skilyrðum hér að framan.	550/2018, 830/2022 og lög nr. 7/1998

7. LOKUN OG FRÁGANGUR

		Rgl.nr.
7.1	Rekstraraðili skal afskrá starfsemi sína á vefsetrinu island.is þegar starfsemi er hætt. Hafi rekstraraðili ekki afskráð starfsemi sína og starfsemin er sannarlega ekki lengur starfandi eða ef starfsemi fellur ekki lengur undir skilyrði um skráningarskylda starfsemi er hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd heimilt að afskrá starfsemina þegar lögbundinni málsmeðferð er lokið.	830/2022
7.2	Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, efnum og búnaði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt til að fyrirbyggja mengun og til hreinsunar lóðar. Tilkynna skal heilbrigðisnefnd með a.m.k. mánaðar fyrirvara um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi.	550/2018, rgl. nr. 737/2003, rgl. nr. 1400/2020
7.3	Ef líkur eru taldar á því að athafnasvæði fyrirtækis hafi mengast, skal rekstraraðili ganga úr skugga um hvort svo sé þegar starfsemin er lögð niður eða flutt. Komi í ljós mengun skal fyrirtækið láta hreinsa svæðið á sinn kostnað, gerist þess þörf. Við ákvörðun um athugun á athafnasvæði, mat á mengun, hreinsunarþörf og hreinsiaðgerðir skal haft fullt samráð við heilbrigðisnefnd.	550/2018, rgl. nr. 737/2003, rgl. nr. 1400/2020

Starfsskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lögum nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, efnalögum nr. 61/2013, reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi, reglugerð nr. 724/2008 um hávaða, byggingarreglugerð nr. 112/2012, reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og

efnablandna, reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg og reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

Starfsskilyrði fyrir vinnslu málma, önnur en í viðauka I með lögum nr. 7/1998

Samræmd starfsskilyrði vegna mengunarvarna, skv. 5 gr. reglugerðar um skráningarskyldan atvinnurekstur nr. 830/2022, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum.

Rekstraraðila ber ávallt að uppfylla skilyrði þessi og almenn skilyrði. Einnig skal tryggja að starfsemi hans sé í samræmi við ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerða settar samkvæmt þeim.

1. UMGENGNI Á LÓÐ

Rgl.nr.

1.1	Óheimilt er að geyma lausamuni s.s. bílflök, ónýtar vélar og vélahluti og annan úrgang á lóð þannig að snúi að almannafæri, valdi fok- eða slysaðættu eða hættu á mengun í jarðveg.	737/2003 16. gr.
1.2	Búnaði eða lausamunum sem tilheyra rekstri eða bíða viðgerðar skal komið snyrtilega fyrir á umráðasvæði fyrirtækisins. Geymslusvæði á lóð skal skerma af þar sem við á.	737/2003

2. MENGUNARVARNIR

Rgl.nr.

2.1	Loftræstingu frá vinnslurými skal þannig háttað að hún valdi ekki fólki í nærliggjandi húsakynnum og vegfarendum óþægindum eða heilsufarslegri áhættu vegna lyktar, mengunar eða hávaða. Afsog frá vinnslurými skal leitt upp fyrir þakbrún og hærra ef þörf krefur eða hreinsað á viðunandi hátt.	724/2008, rgl. nr. 550/2018 52. gr. og rgl. nr. 787/1999 5. gr. og 9. gr.
2.2	Vélum og öðrum tækjum sem mikill hávaði (þung högg) stafar frá skal komið fyrir á púðum eða með öðrum þeim hætti sem tryggir að hávaði valdi ekki óþægindum í aðliggjandi húsnaði.	724/2008
2.3	Geyma skal hættuleg efni og spilliefni í lokuðum ílátum og á þann hátt að ekki sé hætt á að þau berist út í jarðveg eða fráveitu. Eiturefni, s.s. flúrsýru, skal geyma í merktum, læstum og loftræstum skáp.	806/1999 8. gr., rgl. nr. 415/2014 og lög nr. 61/2013

2.4 Staðsetja skal ílát undir fljótandi mengandi efnavöru, þ.m.t. olíuefni og úrgangsolíu, í þróð eða lekabyttum innandyrá eða tryggja á annan hátt að innihaldið berist ekki í niðurföll. Ef olíuefni eru geymd utandyrá skal það vera í skýli eða á annan þann hátt sem heilbrigðisnefnd samþykkir. Eftir atvikum getur heilbrigðisnefnd gert kröfu um árekstrarvarnir við skýli utandyrá.	550/2018 56. gr.
---	-----------------------------

Starfsskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, efnalög nr. 61/2013, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), byggingarreglugerð nr. 112/2012 og reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.